



Breyting á deiliskipulagi
Dagverðarnes Skorradal, svæði 3
varðar lóð nr. 103
landnúmer: 188772

Greinargerð

Svæði 3 í frístundabyggð Dagverðarnes er um 20 ha. að stærð. Á því eru samtals 35 lóðir (nr. 101 - 138). Breytingin á deiliskipulaginu felst í breytingu á greinargerð deiliskipulags-skilmála fyrir lóð nr. 103. Landnúmer 188772. Deiliskipulagsuppráttur er óbreyttur.

Skipulags- og byggingarnefnd heimilaði þann 14. ágúst 2017 óverulega breytingu deiliskipulags lóðarinnar sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna hana fyrir lóðarhöfum Dagverðarnes 102, 104, 105, 106, 110, 111, 112 og landeiganda.

Breytingin á greinargerðinni felst í því að hámarksstærð húss er aukin úr 82 m² í 130 m². Ennfremur að leyfilegt sé að byggja hús með flötu og einhalla þaki.

Áformað er að byggja frístundahús úr timbri á einni hæð á lóðinni allt að 120 m². Þak yfir stofuálfmu yrði einhalla (ca. 14°), en þak yfir herbergjaálfmu yrði flatt. Mesta hæð þaks yrði um 4,5 m. yfir gólfí aðalhæðar. Frumhönnun á húsinu má sjá á skýringarupprætti hér til hliðar. Athugið að útlit, grunnflötur og staðsetning innan byggingarreits gæti breyst lítillega.

Í gildandi deiliskipulagi sem samþykkt var í Hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 12.07.1995 segir eftirfarandi í Kafli 1. grein j) Húsagerðir:

GILDANDI SKIPULAGSSKILMÁLAR:

Kafli 1. Skipulag svæðisins
grein j) Húsgerðir

Hús skulu vera með risþaki og mæni yfir miðri húsbreidd. Húsgerðir geta t.d. verið ferkantaðar, vinkilhús eða T-laga, svo dæmi séu nefnd. Sumarhús skal vera fullfrágengið að utan innan tveggja ára frá því að byggingafrákvæmdir við það hefjast. Hámarksstærð sumarhúsa á þessu svæði er 82 m², auk þess verði heimilt að byggja útgeymslu af þeirri stærð sem reglugerð segir til um. Að öðru leyti fjallar byggingarnefnd og byggingarfulltrúi Skorradalshrepps um húsagerðir. Hvað varðar lit húsanna, skulu engir áberandi litir valdir. Þök skulu máluð í mildum jarðlitum. Veggir skal einnig mála í mildum litum. Allir náttúrulegir viðarlitir eru leyfðir, svo og allir litir sem ekki teljast skærir og áberandi. Leigutaki skal bera sig upp við leigusala áður en húsi er endanlega valinn litur. Þetta á við bæði um þak og vegg.

TILLAGA AÐ BREYTTUM SKIPULAGSSKILMÁLUM:

Kafli 1. Skipulag svæðisins
grein j) Húsgerðir

Húsgerðir geta t.d. verið ferkantaðar, vinkilhús eða T-laga, svo dæmi séu nefnd. Þakgerð má vera risþak með mæni, einhalla þak og/eða flatt þak. Sumarhús skal vera fullfrágengið að utan innan tveggja ára frá því að byggingafrákvæmdir við það hefjast. Hámarksstærð sumarhúsa á þessu svæði er 130 m², auk þess verði heimilt að byggja aukahús af þeirri stærð sem aðalskipulag segir til um. Að öðru leyti fjallar byggingarnefnd og byggingarfulltrúi Skorradalshrepps um húsagerðir. Hvað varðar lit húsanna, skulu engir áberandi litir valdir. Þök skulu máluð í mildum jarðlitum. Veggir skal einnig mála í mildum litum. Allir náttúrulegir viðarlitir eru leyfðir, svo og allir litir sem ekki teljast skærir og áberandi. Leigutaki skal bera sig upp við leigusala áður en húsi er endanlega valinn litur. Þetta á við bæði um þak og vegg.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.
Deiliskipulagsuppráttur er óbreyttur.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem grenndarkynnt hefur verið samkvæmt 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____

var samþykkt í sveitarstjórn þann _____

Oddviti Skorradalshrepps

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR 1/250
ÚTLIT, TILLAGA

